

fyrst jafnvel svo, að mér fannst ég mundi varla geta litið í bók framar. Það leið þó vitanlega frá. En ekki þykir mér ólíklegt, að þessi þreyta hafi átt sinn þátt í því, að svona illa fór fyrir mér í Grænlandsferðinni, að ég missti svefninn. Er slíkt mikil ógæfa og sjaldgæf, og mundi sennilega hafa farið alveg með mig, ef ekki hefði ég átt til slíkra að telja, sem þrekmenn voru meir en í meðallagi. En erfið hefir ævin verið, og án þess svefns, sem þarf, hefir maðurinn ekki hæfileika sína, andlega eða líkamlega, eins og vitringurinn Schopenhauer hefir réttilega orð á gert.

Maðurinn — stjórnandi náttúruaflanna

(1941)

... Skilningsskorturinn á tilgangi lífsins kemur fram í því að gera sér ekki fullkomlega ljóst, að einnig líf dýra (og jurta!) heldur áfram þrátt fyrir dauðann, og að vér hér á jörðu erum í útjaðri sköpunarverksins, þar sem hið guðlega getur ekki nálgast hið ófullkomna, nema með því að fjarlægjast sína eigin fullkomnun. Aðalmarkmið vort hér á jörðu hlýtur því að vera, að oss lærist svo að leita í áttina til hins guðlega, að fullkomnara samband geti orðið, svo miklu fullkomnara, að maðurinn geti í raun og sannleika orðið leiðtogi lífsins hér á jörðu, og stjórnandi náttúruaflanna eins og þau koma hér fram.